

L ö g

Nr. 34.
20.
október.

um breytingu á lögum 22. október 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í 7. gr. laga 22. október 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands bætist aftan við 1. málsgrein: sbr. þó 8. gr.

2. gr.

Í 8. gr. sömu laga bætist við á eftir orðunum: »þó ekki lengri en 30 árum« ný málsgrein svohljóðandi: Áfallna vexti og afborganir af láni þessu eða lánnum skal greiða af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsins, áður en honum er varið til annars.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 22. okt. 1912 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.